

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð um jöfnun eigna á móti vátryggingaskuld vátryggingafélaga, nr. 646/1995.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. bætist svohljóðandi:

Fyrir vátryggingafélög sem gera upp samkvæmt alþjóðlega reikningssskilastaðlinum IFRS 4 er einnig átt við þann hluta eigin fjár sem áður taldist til útjöfnunarskuldur og hefur ekki verið færður niður samkvæmt reglum sem félagið hefur sett sér um niðurfærslu útjöfnunarskuldur, sbr. 3. gr. reglna nr. 85/1999 um hámark útjöfnunarskuldur vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga og um útreikning þess. Sama gildir um þann hluta ágóðajöfnunarskuldur sem færður hefur verið undir eigið fé og ekki úthlutað til líftryggingartaka og um vátryggingaskuld vegna samninga sem töldust áður til vátryggingarsamninga en teljast nú til fjármálagerninga samkvæmt alþjóðlegum reikningssskilastöðlum.

2. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. skulu gerðar svohljóðandi breytingar:

3. málsl. 5. tl. fellur brott.

Við bætist 11. tl. sem er svohljóðandi:

Hlutdeild í verðbréfasjóðum sbr. lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, en verðbréfasafni að baki skirteinunum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar í samræmi við takmarkanir 7. og 8. gr.

3. gr.

Í 3. mgr. 4. gr. skal vísa í Fjármálaeftirlitið í stað Vátryggingaeftirlitsins.

4. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. bætist svohljóðandi:

11. tl. 25%.

5. gr.

Í stað 2. mgr. 8. gr. kemur ný mgr., svohljóðandi:

Kröfur á einn aðila af fleiri en einni tegund samkvæmt 2., 4. – 9. og 11. töluliðum 3. gr. mega samanlagt mest nema þeirri hlutfallstölu sem tilgreind er fyrir þann tölulið þar sem hlutfallstala hlutaðeigandi eigna er hæst.

6. gr.

Í 1. mgr. 10. gr. skal vísa í Fjármálaeftirlitið í stað Vátryggingaeftirlitsins.

7. gr.

Í stað 12. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:

Vátryggingafélag skal halda skrá yfir þær eignir sem mæta eiga vátryggingaskuld á hverjum tíma og sjá til þess að nýjar eignir verði skráðar á reikningsárinu þegar breytingar eiga sér stað á eignaskránni og mati vátryggingaskuldur. Samantekt úr skránni ásamt fullnægjandi skýringum á vali á eignum á móti vátryggingaskuld skal fylgja ársreikningi og

öðrum gögnum vegna ársuppgjörs til Fjármálaeftirlitsins, staðfest af endurskoðanda félagsins og þegar við á tryggingastærðfræðingi. Samantekt úr skránni skal send Fjármálaeftirlitinu á öðrum tíma telji það ástæðu til. Sér í lagi skal váttryggingafélag gæta þess að hafa yfirsýn yfir verðbréfasafn að baki hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða.

8. gr.

Í 13. gr. skal vísa í Fjármálaeftirlitið í stað Váttryggingaeftirlitsins.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 3. mgr. 34. gr. laga nr. 60/1994 um váttrygginga-
starfsemi með síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 23. maí 2006.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2006